



SIGLINGASTOFNUN

Alþingi
Erindi nr. P 128/726
komudagur 10.1.2003

Alþingi
Ágúst Geir Ágústsson
Við Austurvöll
150 Reykjavík

Kópavogi, 30.12.2002
Tilv. 023
KV/kv

Siglingastofnun vísar til bréfs yðar dags. 11. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Siglingastofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um bættar samgöngur milli lands og Vestmanneyja, 48. mál.


Í tilefni þessa vill Siglingastofnun benda á að með bréfi dags. 3. maí 2002 skipaði samgönguráðherra starfshóp til þess að fjalla um samgöngur til Vestmannaeyja með þarfir íbúa og atvinnulífs í huga. Í hópinn voru skipuð Kristján Vigfússon, Siglingastofnun sem formaður, Guðjón Hjörleifsson, fyrrerandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, Arnar Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Vestmannaeyjum, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, Sigmar Georgsson, formaður Ferðamálasamtaka Vestmannaeyja, Kristín Sigurbjörnsdóttir, Vegagerðinni, Haukur Hauksson, Flugmálastjórn, og Gísli Viggósson, Siglingastofnun. Starfsmaður hópsins er Kristján Sveinsson frá Siglingastofnun. Einnir hefur starfað með hópnum Jón Baldvin Pálsson flugvallarstjóri í Reykjavík. Starfshópurinn hefur haldið á annan tug funda og rætt við fjölmarga aðila sem koma að samgöngum til og frá Vestmannaeyjum.

Starfshópurinn skilaði af sér áfangaskýrslu 12. ágúst sl. til samgönguráðherra þar sem lagðar eru fram tillögur um úrbætur í samgöngumálum Vestmannaeyinga sem hægt væri að grípa til með skömmum fyrirvara og hrinda í framkvæmd á næstu misserum. Nú þegar hefur samgönguráðherra hrint stórum hluta af tillögum nefndarinnar í framkvæmd. Samkvæmt upplýsingum frá starfshópnum þá liggur fyrir að hann muni skila af sér lokaskýrslu í síðasta lagi í febrúar á þessu ári. Í þeirri skýrslu er gert ráð fyrir að fjallað verði m.a. um þjónustustig og flutningsþörf til og frá Vestmannaeyjum. Möguleika á kaupum og rekstri á háhraðaferju og loftpúðaskipi á siglingaleið Herjólfis. Ennfremur er gert ráð fyrir að skoða möguleika á lengingu núverandi Herjólfis og aukningu vélarafls, jafnframt sem reynt verður að leggja mat á kostnað vegna nýsmíði. Loks má nefna að starfshópurinn mun fjalla um í lokaskýrslu sinni rannsóknir vegna ferjulægis í Bakkafjöru og kostnað vegna breytinga á hafnarmannvirkjum í Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn ef ráðist verður í kaup á stærra skipi.

Ljóst er af þessari upptalningu að starfshópur sá sem nú er að störfum mun taka á þeim þáttum sem gert er ráð fyrir að þingsályktunin taki til. Siglingastofnun telur með hliðsjón af ofanrituðu að ekki sé tilefni til skipunar nefndar um bættar samgöngur við Vestmannaeyjar fyrr en eftir að núverandi starfshópur hefur lokið störfum sínum og lagt hefur verið mat á lokaskýrslu hópsins.

Virðingarfyllt


Hermann Guðjónsson


Kristján Vigfússon